

Fundur jafnréttisnefndar var haldinn á Narfeyrarstofu 28. janúar 2010 kl. 21:00. Mætt voru Sæþór Þorbergsson, Helga Guðmundsdóttir og Gyða Steinsdóttir.

Farið var yfir kynjaskiptingu í nefndum sveitarfélagsins. Kom þar í ljós að ekki hefur verið farið eftir jafnréttisáætlun bæjarins sem samþykkt var í bæjarstjórn 27.04.2006 en þar kemur fram að gæta skuli að jafnri kynjaskiptingu í nefndum bæjarins.

Ákveðið var að halda áfram að vinna að framkvæmdaáætlun við jafnréttisáætlun Stykkishólmsbæjar. Einnig verður jafnréttisáætlunin endurskoðuð og áætlað að skila drögum til bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar.

Ákveðið er að kynna jafnréttisáætlun fyrir bæjarstjórn og forsvarsmönnum stofnana og nefnda. Einnig að athuga með hvort hægt væri að koma efni í Stykkishólmspósstinn. Nauðsynlegt er að koma efni hennar á framfæri fyrir næstkomandi bæjarstjórnakosningar svo tekið verði tillit til hennar við röðun á framboðslista og skipun í nefndir eftir kosningar.

Fundi slitið kl. 22:30

Gyða Steinsdóttir

Sæþór Þorbergsson

Helga Guðmundsdóttir